



Stefna um nám og kennslu 2018-2021

Inngangur

Menntavísindasvið setur sér með þessu skjali stefnu um nám og kennslu. Stefnan er unnin á sama tíma og ný stefna Háskóla Íslands um nám og kennslu og er því í takt við hana að miklu leyti en jafnframt tekur hún til þátta sem eiga sérstaklega við deildir Menntavísindasviðs.

Kennslunefnd Menntavísindasviðs vann stefnuna á grundvelli umræðna á misserisþingi haustið 2017 þar sem starfsmenn sviðsins settu mál á dagskrá sem þeim þóttu mikilvæg varðandi nám og kennslu við sviðið. Stefnan byggir einnig á niðurstöðum sjálfsmatskýrslna við sviðið árin á undan og á H21, stefnu Háskóla Íslands.

Sérstaða Menntavísindasviðs

Nám á Menntavísindasviði á það sameiginlegt að búa nemendur undir að vinna með fólki til að efla það að þroska og getu til að takast á við lífið, menntast og dafna. Margar námsbrautir sviðsins búa nemendur undir að starfa á ákveðnum vettvangi, í skólum, stofnunum, félögum eða fyrirtækjum við margvíslega fræðslu og þjálfun. Námið veitir í mörgum tilvikum lögvarin starfsréttindi sem leggur sviðinu ábyrgð á herðar gagnvart vettvanginum sem það þjónar.

Áskoranir

Þær samfélagslegu breytingar sem eru mest áberandi um þessar mundir og þær sem í vændum eru, krefjast fjölbreyttrar hæfni bæði faglegrar og persónulegrar. Þróun upplýsinga- og samskiptatækni hefur djúpstæð áhrif á samfélag, nám og kennslu. Stefna Menntavísindasviðs um nám og kennslu tekur mið af þessum áskorunum og leggur til leiðir til að mæta þeim í nánustu framtíð.

Leiðarljós stefnunnar

Menntavísindasvið leggur áherslu á að skapa lifandi námssamfélag starfsfólks og nemenda. Sviðið skapar umgjörð sem stuðlar að námi og gerir nemendum kleift að verða virkir þátttakendur í faglegru umræðu. Starfsfólk og nemendur leggja sitt af mörkum til að opna félagsleg rými þar sem allir þátttakendur fá tækifæri til að læra sem einstaklingar og sem hópur.



MARKMIÐ	AÐGERÐIR	ÁBYRGÐ
Menntavísindasvið leggur áherslu á framsækna kennsluhætti, styður kennara til að þróa þá og viðurkennir gæðakennslu til framgangs í starfi	<ul style="list-style-type: none"> Sviðið ræður kennsluþróunarstjóra sem hefur forgöngu um starfsþróun kennara við sviðið og þróun nýrra kennsluhátta. 	Stjórn sviðsins
	<ul style="list-style-type: none"> Hópi kennara verði falið að þróa viðmið um gæði í kennslu. 	Stjórn sviðsins Kennslumiðstöð Kennsluþróunarstjóri Kennslusvið HÍ
	<ul style="list-style-type: none"> Sviðið styður kennara til að skoða og þróa kennslu sína með skipulögðum hætti. 	Kennsluþróunarstjóri Stjórn sviðsins Deildir Kennarar
Menntavísindasvið horfir markvisst til framtíðar varðandi skipulag og þróun náms og kennslu..	<ul style="list-style-type: none"> Forseti og kennsluþróunarstjóri kalla a.m.k. annað hvert ár til framtíðarverkstæðis með starfsfólki og nemendum þar sem áherslur í námi og kennslu eru greindar og horft er til framtíðar. 	Stjórn sviðsins Kennsluþróunarstjóri Deildir Kennslumiðstöð Menntasmiðja
	<ul style="list-style-type: none"> Á Menntavísindasviði starfar Menntasmiðja, skipuð fagfólki á sviði náms og kennslu, sem er kennurum til ráðgjafar og aðstoðar. Stjórn sviðsins skipi fagráð Menntasmiðju, sem fylgist með, greinir, kynnir og innleiðir nýjungar í kennsluháttum. 	Menntasmiðja Stjórn sviðsins Kennslumiðstöð
	<ul style="list-style-type: none"> Framtíðarhúsnaði Menntavísindasviðs og umhverfi þess verði hannað með tilliti til nýjustu hugmynda um kennslufræði á háskólastigi. 	Stjórn sviðsins Rekstur fasteigna



MARKMIÐ	AÐGERÐIR	ÁBYRGÐ
Menntavísindasvið tekur skipulega á móti nýjum nemendum og starfsmönnum, með það fyrir augum að nýliðar verði virkir þátttakendur í samfélagi um nám og kennslu á hverju námsstigi.	<ul style="list-style-type: none">Sviðið kemur sér upp ferlum sem auðvelda nýliðum, nemendum og starfsfólki, inngöngu í þau námssamfélög sem þeir tilheyra.	Stjórn sviðsins Deildir Námsbrautir
	<ul style="list-style-type: none">Nemendur í grunnnámi fái tækifæri til að þroska með sér fræðileg vinnubrögð og orðræðu fræðasviða.	Deildarráð Námsbrautir Kennarar
	<ul style="list-style-type: none">Nemendur í meistaranámi kynnist rannsóknarstarfi og efli sjálfstæði í vinnubrögðum.	Deildarráð námsnefndir námsbrauta
	<ul style="list-style-type: none">Nemendur í doktorsnámi eignist hlutdeild í námssamfélagi um rannsóknir þar sem þeir taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi.	Doktornefnd Leiðbeinendur
	<ul style="list-style-type: none">Nýir starfsmenn fá stuðning mentors úr hópi reyndra starfsmanna.	Kennsluskrifstofa Mannauðsstjóri Stjórn sviðsins Námsbrautir
Menntavísindasvið leggur áherslu á að jafna aðgengi allra að námi og vera leiðandi í þróun sveigjanlegs náms	<ul style="list-style-type: none">Menntavísindasvið þróar líkön að skipulagi námskeiða til að auðvelda námsbrautum og einstökum kennurum að bjóða upp á sveigjanlegt nám.	Kennslunefnd Verkefnið „Þróum fjarnámið“ Deildir Námsbrautir Kennarar
	<ul style="list-style-type: none">Nemendur og starfsfólk við Menntavísindasvið fái markvissa þjálfun og stuðning í viðeigandi vinnubrögðum og tækni sem tengjast ólíkum formum náms.	Kennsluþróunarstjóri Kennslumiðstöð Menntasmiðja Bókasafn
	<ul style="list-style-type: none">Sviðið styður við kennara sem vilja hafa kennslu sína og kennsluefni í opnum aðgangi að einhverju leyti.	Kennslumiðstöð



MARKMIÐ	AÐGERÐIR	ÁBYRGÐ
Menntavísindasvið styður nemendur til að þroska almenna hæfni til jafns við faglega hæfni.	<ul style="list-style-type: none"> Deildir uppfæri hæfniviðmið námsbrauta þannig að þau lýsi bæði almennri og faglegri hæfni brautskráningarnema. 	Deildir
	<ul style="list-style-type: none"> Kennarar á sviðinu samþætti þjálfun á almennri hæfni eins og samskiptahæfni, ritun og upplýsingalæsi inn í námskeið sín. 	Kennarar Ritver Bókasafn Menntasmiðja
	<ul style="list-style-type: none"> Sviðið heldur áfram að styðja við þróun ritversins. 	Stjórn sviðsins Ritver
	<ul style="list-style-type: none"> Sviðið leitar leiða til að auka stuðning við ritun fræðilegra texta á íslensku og ensku og aðferðafræði rannsókna. 	Ritver
	<ul style="list-style-type: none"> Sviðið mótar verkferla um stuðning við nemendur sem hafa annað móturmál en íslensku og aðra minnihlutahópa. 	Stjórn sviðsins Vinnuhópur þvert á deildir Ritver
Menntavísindasvið undirbýr nemendur fyrir vinnu með fólki við fjölbreytilegar aðstæður.	<ul style="list-style-type: none"> Sviðið leggur áherslu á viðeigandi kennslu og þjálfun í samskiptum og samfélagslegri ábyrgð. 	Deildir
	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá tækifæri til að móta eigin starfskenningu í nánnum tengslum við væntanlegan starfsvettvang. 	Námsleiðir Kennarar
	<ul style="list-style-type: none"> Á öllum námsleiðum verði skilgreind hæfniviðmið sem miða að því að nemendur verði hæfir til að taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu um fagsvið sitt. 	Námsleiðir
	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá rými til að ræða og taka rökstudda afstöðu til siðferðilegra álitamála í lífi og starfi. 	Kennarar Nemendafélög Deildir
	<ul style="list-style-type: none"> Sviðið hvetur og styður nemendasamtök til að koma á stofn áhugafélögum um þjálfun tiltekinnar hæfni með verkstæðum, málstofum og jafningjafræðslu. 	Stjórn sviðsins Deildir Kennsluskrifstofa



MARKMIÐ	AÐGERÐIR	ÁBYRGÐ
Menntavísindasvið hefur frumkvæði að samstarfi um starfsþróun á þeim vettvangi sem sviðið þjónar	<ul style="list-style-type: none"> Menntavísindasvið þróar leiðir og formgerðir samstarfs til að styðja starfsþróun og endurmenntun þeirra starfstétta sem það menntar. 	Menntavísinda-stofnun Starfshópur á vegum sviðsins með EHÍ
	<ul style="list-style-type: none"> Menntavísindasvið stefnir að því að útbúa röð af opnum netnámskeiðum til að styðja við starfsþróun (á sínum fagsviðum). 	Starfshópur Menntasmiðja EdX hópur HÍ Menntavísinda-stofnun
Á Menntavísindasviði er boðið upp á nám í faggreinum og kennslufræði þeirra	<ul style="list-style-type: none"> Deildir Menntavísindasviðs styrkja og þróa fjölbreyttar leiðir til að mennta faggreinakennara, bæði með heildstæðu námi á sviðinu og í samvinnu við önnur svið háskólans. 	Deildir
	<ul style="list-style-type: none"> Hlutur faggreina, bóklegra, verklegra og listrænna í fimm ára kennaranámi verði styrktur. 	Deildir
Menntavísindasvið styður markvisst við samvinnu deilda og sviða í námi og kennslu.	<ul style="list-style-type: none"> Stjórn sviðsins leitar leiða til að auðvelda samstarf um kennslu milli deilda og sviða. 	Stjórn sviðsins
	<ul style="list-style-type: none"> Nemendum verði auðveldað að sækja hluta af námi sínu á öðrum deildum og sviðum. 	Stjórn sviðsins Deildir Námsbrautir
	<ul style="list-style-type: none"> Nemendum af öðrum sviðum verði auðveldað að sækja námskeið á Menntavísindasviði. 	Stjórn sviðsins Deildir Námsbrautir
	<ul style="list-style-type: none"> Deildir skipuleggi námið þannig að nemendum sé gert kleift að taka hluta námsins erlendis. 	Deildir Námsbrautir



MARKMIÐ	AÐGERÐIR	ÁBYRGÐ
Menntavísindasvið nýtir hugmyndir altækra hönnunar við skipulag og þróun náms, kennslu og námsumhverfis.	<ul style="list-style-type: none"> Húsnæði sviðsins verði þannig skipulagt að allir hafi jafnt aðgengi að rýmum og svæðum sem tengjast náminu. 	Rekstur fasteigna Stjórn sviðsins
	<ul style="list-style-type: none"> Sviðið felur hópi starfsmanna og nemenda að fylgjast með hönnun kennslurýma og vinnur með framkvæmdastjórn og rekstri fasteigna til að húsnæðið þjóni tilgangi sínum og tryggi gott aðgengi að námsumhverfinu. 	Stjórn sviðsins Kennslunefnd Rekstrarstjóri Rekstur fasteigna
	<ul style="list-style-type: none"> Náms- og kennsluumhverfi á vefnum verði hannað með þarfir allra nemenda í huga. 	Upplýsingatækni-svið Menntasmiðja Kennslunefnd
	<ul style="list-style-type: none"> Kennurum og starfsfólki bjóðist kennsla, þjálfun og stuðningur til að nýta hugmyndir altækra hönnunar við skipulagningu náms og kennslu. 	Kennslumiðstöð Kennslunefnd
	<ul style="list-style-type: none"> Nýtt húsnæði Menntavísindasviðs á háskólalóð verði hannað með tilliti til hugmynda um altæka hönnun. 	Stjórn sviðsins Rekstur fasteigna
	<ul style="list-style-type: none"> Við tímasetningu kennslu í húsnæði sviðsins verði horft til umhverfisstefnu og ólíkra aðstæðna nemenda. 	Stjórn sviðsins Rekstur fasteigna

Stefna þessi var unnin af kennslunefnd Menntavísindasviðs árin 2017-2018 eftir umfangsmikið samráðsferli við deildir og einingar sviðsins. Misserisþing haustið 2017 var helgað vinnu við kennslustefnuna og vann starfsfólk sviðsins í ólíkum umræðuhópum. Stefnan var send út til umsagnar vorið 2018 og vinnu við hana lauk í október 2018.